

# Aðalfundur fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses.

31. maí 2023

Hásalur – Hátúni 10, Reykjavík

## FUNDARGERÐ

**1. Fundarsetning**

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ og fulltrúaráðs, setur fundinn kl. 15:03 og ávarpar fundargesti.

Mættir eru: Bergur Þorri Benjamínsson, Bergþór Heimir Þórðarson (á Teams), Fríða Bragadóttir, Jón Heiðar Jónsson, Guðni Sigmundsson, Guðrún Barbara Tryggvadóttir, Hrönn Stefánsdóttir, María Magdalena Birgisdóttir Olsen (á Teams), Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson (á Teams), Snævar Ívarsson, Vilhjálmur Hjálmarsson (á Teams), Þuríður Harpa Sigurðardóttir, Ágústa Dröfn Guðmundsdóttir, Svavar Kjarrval Lúthersson, Aðalbjörg Traustadóttir, Gústav Aron Gústavsson, Unnur Þöll Benediktsdóttir og Stefanía Traustadóttir (á Teams). Fjarverandi: Albert Ingason, Atli Þór Þorvaldsson, Eiður Welding, Fríða Rún Þórðardóttir, Hjördís Ýrr Skúladóttir og María Pétursdóttir.

**2. Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Formaður gerir tillögu um að Ragnheiður Ríkharðsdóttir verði kjörin fundarstjóri og Flóki Ásgeirsson fundarritari. Samþykkt.

**3. Ávarp stjórnarformanns**

Halldór Sævar Guðbergsson, formaður stjórnar Brynju leigufélags, ávarpar fundinn.

**4. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra**

Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Brynju leigufélags, kynnir skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

**5. Endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2022 kynntur**

Erna Eiríksdóttir, fjármálastjóri Brynju leigufélags, kynnir endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2022.

**6. Umræður um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra og ársreikning fyrir árið 2022 og ársreikningar lagður fram til samþykktar**

Fundarstjóri gefur fundarmönnum kost á að taka til máls um skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra og ársreikning fyrir árið 2022.

Til máls tóku:

Svavar Kjarrval. Færir framkvæmdastjóra þakkir fyrir upplýsingagjöf og framkvæmdir.

Bergur Þorri Benjamínsson. Segir reikninginn glæsilegan og að félagið sé orðið dýnamískara en áður. Spyr um hversu langt sé í að unnt sé að ná biðlista niður í núll.

Unnur Þöll Benediktsdóttir. Spyr um hvort til sé samantekt um eftirspurn eftir íbúðum hjá félaginu eftir sveitarfélögum.

Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri svarar. Segir 180 á biðlista í augnablikinu. Tæki 20 mánuði að ná niður biðlista ef enginn bættist við en telur það ólíklegt. Líklegra að biðlisti lengist. Eilífðarverkefni og spurning hversu stór markaðshlutdeild Brynju eigi að vera. Með um fimmtung allra öryrkja á leigumarkaði nú. Segir nákvæmar tölur um eftirspurn eftir sveitarfélögum ekki tiltækar á fundinum. Sjá megi breytingar á eftirspurn. Mun meiri eftirspurn en áður eftir stærri íbúðum.

Svavar Kjarrval. Spyr um svör við erindi frá hópi íbúa í Hátúni.

Vilhjálmur Hjálmarsson. Spyr um hækkun meðalaldurs og hvort yngri leigjendum sé fækka? Spyr um lífeyrisskuldbindingu sem tilgreind er í ársreikningi.

Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri svarar. Nefnir að framkvæmdir hafi m.a. verið viðbrögð við erindi íbúa í Hátúni. Segir að leigjendur Brynju séu að jafnaði mjög lengi í íbúð skýri hækkandi meðalaldur. Veltir upp möguleika á ungmennahúsi í anda stúdentaíbúða sem vert sé að skoða. Segir að lífeyrisskuldbinding sé til komin vegna almenns starfsmanns sem tekið hafi lífeyri eftir eldra kerfi.

Fundarstjóri ber ársreikning upp til samþykktar. Samþykktur samhljóða.

## 7. Ákvörðun um þóknun fulltrúaráðs og stjórnar Brynju

Formaður gerir eftirfarandi tillögu um þóknun fulltrúaráðs og stjórnar Brynju leigufélags:

(1) Fulltrúar sem sækja fundi fá greidda þóknun fyrir hvern fulltrúaráðsfund sem þeir sækja. Þóknun til handa fulltrúum sem sækja fundi fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses. fram að næsta aðalfundi hækki um 6,75% frá fyrra ári sem sé sama hlutfall og nýleg launahækkun sem samið var um á milli launþega og atvinnurekenda. Þóknun fyrir fundarsetu í nóvember 2022 var 21.976 kr. og hækki því í 23.459 kr. Greiðsla þóknunar verði í lok næsta mánaðar eftir fundarmánuð.

(2) Þóknun stjórnar Brynju leigufélags ses. hækki um 6,75% frá og með 1. júní 2023 að næsta aðalfundi árið 2024. Mánaðarleg stjórnarlaun verði 106.750 kr. og stjórnarformaður fái greidda tvöfalda þá upphæð. Varamenn sem kallaðir eru á stjórnarfund fái greiddar 53.750 kr. fyrir hvern fund, þó að hámarki 106.750 kr. á mánuði.

Fundarstjóri gefur fundarmönnum kost á að taka til máls um tillöguna.

Til máls tekur Svavar Kjarrval og óskar eftir því að greidd verði atkvæði um tillöguna í tvennu lagi. Samþykkt.

Liður 1 í tillögunni borinn upp til samþykktar. Samþykktur samhljóða.

Liður 2 í tillögnum borinn upp til samþykktar. Samþykktur. Svavar Kjarrval situr hjá.

8. **Kosning endurskoðanda**

Fundarstjóri gerir tillögu um að endurskoðunarfyrtækinu PricewaterhouseCoopers verði kjörið endurskoðandi félagsins.

Vilhjálmur Hjálmarsson tekur til máls um tillöguna og spyr hvort heppilegt sé að sama fyrirtæki sé endurskoðandi fyrir ÖBÍ og Brynju leigufélag. Bryndís Guðjónsdóttir segir engar athugasemdir við það af hálfu fyrirtækisins. Engar aðrar athugasemdir.

Tillagan borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

9. **Kynning á störfum valnefndar vegna stjórnarkjörs á haustfundi fulltrúaráðs Brynju í nóvember 2023**

Formaður kynnir störf valnefndar.

10. **Önnur mál**

Fundarstjóri gerir tillögu um að sér verði falið ásamt fundarritara að ganga frá fundargerð fundarins. Samþykkt.

Fundarstjóri gefur fundarmönnum kost á að taka til máls um önnur mál.


Bergþór Heimir Þórðarson spyr hvort merki sjáist um holskeflu nýrra umsókna í kjölfar uppsagna leigusamninga hjá Heimstaden. Guðbrandur Sigurðsson svarar því að ekki sjáist merki um það enn sem komið er.

11. **Fundarlok**

Formaður slítur fundi kl. 16:53.



Ragnheiður Ríkharðsdóttir  
fundarstjóri



Flóki Ásgeirsson  
fundarritari